Svalarbladid
Fjallfari
11.4.1903

# Fjallfari.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3. Ár | 4. Kerfi | 3. Blad | Nº 12. |

Vedramót Laugard. 25/4 03

## Ritnefnd:

Stefán Björnsson
Sölvi Gudmundsson

# Akurbrekkan

1

Eg leit þig fyrst, þá hlýjust þinni sól
um ljósan morgun þerrði daggarúða
af gleði brostu blóm um dal og hól
þú búin varst í loga gylltan skrúða.

2

Eg hrifin varð að sjá þá fögru sjón
þá sólin margskyns blómum gjörði klæða,
það var mín ósk, það var mín hjartans bón
mér vildu örlög leyfa hjá þér búa.

3

Það mér veittist, þetta hef ég ár
í þinni nálægð dvalið nokkuð lengi,
en verð nú kveðja vekst þú annað ár
þú viðkvæmninnar snortið hefir strengi

4

Í sumar oft þú brostir blítt við mér
þá blómin fögru skreyttu krónu þína
mér leið svo vel — mér leið svo vel hjá þér
þar leiðindanna myrkur gjörði dvína

5.

Þá stormar napri steðja fári of jörð
og stráin veiku þoldu heljar pínu
og laufin fölnuð lágu um foldu sviðin
og löngum dvaldi glöð í skjóli þínu

6.

Með tárgum augum til þín nú ég lít
frá trega sollnum brjósti kveðju sendi
Ó! Gufa brekka! Ég lengur þín ei nýt
því lúta verð fyrir tíðar sterkri hendi.

Tamslaug.

# Húsreglukverið

Eitt sinn voru hjón ein suður á Þýzkalandi, og bjuggu þar búi sínu. Bóndinn var svo vandlátur við konu sína, að hún gat ekki gjört nokkurn hlut í hússtjórninni svo honum líkaði og þann kom sitt að hv… Loksins þegar konan var orðin uppgefin og ráðalaus yfir þessu, skoraði hún á bóndann sinn að rita dálítið kver handa sér um það hvernig hún skyldi haga hverju og einu í hússtjórninni. Maðurinn var fús á þetta og ritaði allar þær reglur sem hún skyldi grandgæfilega hlýða. Nú breytti hún að öllu leyti eins og skrifað stóð, en lét það allt ógjört er þar stóð ekki, og fyndi bóndi að því þá var alltaf sama viðkvæðið hjá konunni að það stæði hvergi í hússtjórnarkverinu, og lét hann það svo vera, og fór samlyndi þeirra hjóna nú síbatnandi. Eitt sinn var þeim boðið til veislu þar skammt frá, og þegar þau fóru heim um kveldið var orðið dimmt af nótt. Leið þeirra lá yfir brú eina. Var þar undir ófært kviksyndi. Maðurinn var talsvert ölvaður og leiddust þau að brúnni. Þá sleppti hann konunni og

gekk á undan henni útá brúna
en af því að hann var nokkuð drukk-
inn þá slangraði hann til og hrökk
útaf brúnni, og niður í díkið og fór
allur í kaf nema höfuð stóð aðeins
uppúr, þá kallaði hann til konunn-
ar og bað hana að hjálpa sér, en hún
stóð kyrr á brúnni, lét ekkert
við að hjálpa honum, en sagði rólega
„Ég man ekki til að það standi
neinsstaðar í hússtjórnar kverinu
að eg eigi að hjálpa þér úr lífsháska
eg ~~verð~~ nú að hlaupa heim og vita ef
það stendur þar, og ef svo, þá skal eg
koma til þín aftur og gjöra hvað eg
get að draga þig uppúr díkinu. Bóndi
bað hana þá í Guðsnafni að yfirgefa
sig ekki því hann mundi þá fljótt
síga niður í leðjuna, og verða fyrir löngu
drukknaður þegar hún kæmi aftur.
Konan sem í raun réttri var góð kona
sá nú aumur á honum, og tók af

öllum mætti í eyru hans og skegg
og eftir langa mæðu gat hún
hjálpað honum uppúr, lofaði hann
þá nýjö sína góðu konu fyrir hjálp
hennar, fóru þau síðan heim, og varð
hann konu sinni hinn bezti, og
umhyggju samasti eigin maður upp frá
þessu. ———

Tannlaug.

# Fóstbræður

Eitt sinn voru tveir ungir menn
sem hétu Damon og Pitias, af
hinum Pítagoriska skóla, þeir voru
slíkir vinir að að heita mátti að
ein sál byggi þar í tveimur líkömum
þetta var á dögum Tírannans
Dionisusar, sem dæmdi Damon til
dauða þessvegna að hann var rang-
lega grunaður um svik. Þegar Damon

vissi að hann skyldi deyja, bað hann lísamann leyfis að fá að fara heim og finna foreldra sína, því hann hefði svo mikilsvarðandi málefni í huga, sem hann legði engum fyrir nema þeim, og lofaði að koma aptur á tiltekinum tíma. Dionius leyfði þetta ef hann léti fóstbróður sinn í pant á meðan. Pitias gjörði það fúsl. og lét setja sig í varðhald. En er sá dagur kom að Damon skyldi líflátast, þá var hann ekki kominn, þess vegna skipaði Dionius að lífláta Pitias í hans stað, og til þess var P. sömul. fús og gekk einarðl. fram að höggstokknum en þegar hann kraup niður að honum kom Damon hlaupandi, og hrópaði að þeir skyldi láta Pitias lausan. Þetta eðallyndi undraðist Dionius mjög, lét þá báða lausa, og gjörði sér að vinum.

Gunnlaug.

## Gróðrarstöð Norðurlands

Það er nú á tímum ekki svo sjaldgæft orðið að vér heyrum þeim orðum farið um landið okkar, að það sé hrjóstrugt, kalt og óbyggilegt, hafi mjög lítil og léleg lífsskilyrði fram að bjóða fyrir jurtir og dýr, og þá auðvitað einnig fyrir manninn. Yfir höfuð það þoli illa nokkurn samanburð við flest byggð lönd hins mentaða heims, að því er alla kosti snertir, en mundi aptur á móti standa mjög ofarlega á skrá ef um ókosti væri að ræða.

Þessi ummæli eru opt borin fram í svo átakanlegum vonleysis og örvæntingar tón, að vart getur dulist að hugur fylgi máli, og því fremur hljóta þau að ganga þeim mönnum til hjarta sem hafa algjörlega gagnstæða skoðun í þessu máli. Þeim sem lifa í öruggri von um fagra framtíð lands og þjóðar,

svo framarlega að landsmenn sjálfir beiti
hver og einn beiti sínum andl. og líkaml.
kröftum í rétta átt. Ekki einn og einn
stangli heldur þarf á móti með samein-
uðum félagsskap. Þar sem vitsmun-
ir, þekking og einbægur áhugi taka höndum
saman. Til nýjunar og æfingar hinni verk-
sameining kraftanna, er svo sé stefnt til
sem skjótastra og hagarlegastra fram-
kvæmda í nauðsynja málum þjóðarinn-
ar sem eru __aukin mentun__ og __efldir
atvinnuvegir__. Því einsog með hinni fyr-
kemur andl. þroski, hreinni trú, hreinni
siðgæði, og ýmislegt andl. blessun, um-
er bein afleiðing af hinni síðara aukin
framleiðsla, meira gjald þol, þjóðlegt
sjálfstæði, og almenn velmegun. Þetta
tvennt, sem í eðli sínu hlýtur að fylgast
að er að mínu og margra áliti hin
öflugasta hjálpar meðal til fullnaðar
því stefnu takmarki „__mentuð þjóð
í frjálsu landi__“.

Vegna þess að eg þótt lítt sé ekki hall-
ast undirgið að þessari skoðun þá var mér
sönn ánægja að lesa 11 no Fjallfara.
Finn eg því skyldu mína að láta hana í
ljósi, því það er óviðeigandi að þegja við
slíku, og þó engir af meðlimum blaðs-
ins hafi enn látið til sín ~~taka~~ heyra
í þá átt þá efast eg allsekki um að
[illegible] lýsa einnig almennri ánægju
þeirra yfir hinu nýja lands fjórðungs
máli sem nú er á dagskrá, nefnilega
hinni fyrirhuguðu gróðrarstöð Norðlend-
inga sem öllum oss er af nefndu
blaði Fj. orðið nokkuð kunnugtum,
það er í alla staði eðlilegt að þessi nýja
framfara alda sem þannig er varið
gangi út frá hinni einu búfræðisl.
stofnun Norðlendinga á Hólum í
Hjaltadal. Þesskonar stofnun á að
vera sá lífvaki, er lífgar, styrkir og
prýðar allt það nýtt er til gagnsemi
verða, og til umbóta getur leitt í búnaðin-
[um

Hvar á að vera sú uppspretta er marg-
víslegar þróflindir landbúnaðarins í
amtinu eiga að streyma frá í allar
áttir. Sú sól er dreifi skærum þekk-
ingar lífgeislum til yztu marka verk-
sviðssins. Sé þesskattar stofunin eigi
þannig varið þá svar hún ekki fylli-
tilgangi sínum. En svo kemur til
kasta almennings sem á hrífanna eiga
að njóta. Menn mega ekki með áhuga-
deyfð og áhugaleysi stífla lindirnar straum-
skarunl frá uppsprettunni, ekki birg-
ja sig fyrir geislunum heldur nota þá
sér til verulegs gagns og upplýsingar.
Og þegar sérstaklega er um þetta mál
að ræða þá er enginn á staða til að gjöra veri
hugar hvol að slíkt verði gjört. Til þ-
ess liggja ymsar mikilvægar orsakir. Fyrst
hversu hin fyrsta hreyfing þess lýsti á-
hugum á huga bæði hjá hennum litt reyn-
um efni lega skólastjóra sem þegar hefir
með stjórn sinni gjört sig að með ymm

móti að góðu kunnan, og einnig hjá hin-
um mörgumnema glæsilega nemenda
flokk, þar sem ekki einn einasti af
44 nemendum skarst úr leik heldur
gengu allir með töku ~~í eitt~~ á samt
kennurunum í eitt félag, og komu
þegar saman með fjálsum samskot
um 500 krónur í peningum og lof
orðum, og má þó geta nærri að þar hafa
verið upp og ofan menn í efnalegu til-
liti, að öllum líkindum þó fleiri er lít-
ið hafa afgangs. - Strax hlýtur þetta að
verða sterk hvöt einkanlega fyrir bænd-
urnar er fyrst njóta ávaxtanna af til-
raunum þessum. Það er því að mínu
áliti óhugsandi ~~að~~ annað en mál þetta
hljóti að fá hinar beztu undirtektir hjá þeim, og
sömuleiðis hjá öllum þeim sem er nokkuð
ant um framfarir búnaðarins og vel-
ferð landsins, og menn vilja almennt styrkja
fyrirtæki þetta. En það verður einkum
með því að ganga í félagið. Allir verðum
ver að gjöra þá sorglegu játningu hve

stórkostlega öllu hjá oss er umbóta vant
og að viðerum í þessu tilliti eptir bátum
okkar frænda og nágranna þjóða. En þó
frændur vorir svo sé þó ríkari þörf er á til-
raunum til umbóta; og þó þessi tilraun-
ir séu ekki komnar lengra en í orði
og á pappírnum, þá er það í vort eigið
vald sett hve langt hún kemst til
framkvæmda. Enginn getur neitað því
að það er stórt spor og í rétta átt, að gjöra
nýjar tilraunir í grasrækt og garðrækt
þar sem reynslan er búin að sanna að við
svo búið má ekki standa. Reyndar er
fræræktun til sáðningar með öllu
óþekkt hér á Norðurlandi og aðal
bætur á túnum verið fólgnar í þúfna-
sléttum. Enginn vafi er það bundið að
þetta gæti tekist hér sem annarstaðar
ef inn lent fræ væri notað, því reyn[sla]
Sunnlendinga þó lítil sé er þegar búin
að sanna ~~að~~ hve útlent fræ gefst mis-
jafnlega vegna ólíkra lífsskilyrða og
jarðvegs En hvað bezt borgar sig sannast

ekki nema með tilraunum og þessvegna
eru þær nauðsynlegar. Hversu stórkostlega
framför í búnaðinum það væri að garð-
rækt ykist að miklum mun getur engum
dulist, og einsog nú er ber hún hörmulega
vottum viðburðaleysi og deyfð manna.
Aimarser hennar nánar getið í síðasta
blaði Fjallfari. — Þriðja aðalmark með
tilrauna stöðvarinnar, er tilbúningur
ýmsra nauðsynlegra ~~á~~áburðarefna og út-
breiða þekkingu á notkun og áburðar yfir
höfuð. Því ókætt mun að kalla það einn
af þröskuldum fyrir framförum jarðrækt-
arinnar, hversu tilfinnanleg vöntun er á
nægil. áburði sem bæði leiðir af fæð búpen-
ingsins og þó mest af illri nýting áburðar-
ins. — Hið fjórða sem gjöra skal tilraunir
með í græðrarstöðinni, er skógrækt
þykir sumum það ef til vill heimsku-
lega mikið í fang færst. En hvað er á móti
því að hann gæti eins þrifist hér á
landi sem fyr. Enda hefir Flensborg
skógræðinguur sem gjört hefir tilraun-

bæði þar eygðra og á Suðurlandi, sagt á Norðurland, hefði sumstaðar betri skilyrði til skógræktar en Suðurland, og hafa þær tilraunir er þegar hafa verið gjörðar á Akureyri, Grund í Eyjafirði og Hálsi í Fnjóskadal tekist vel, og gefið góða von, og væri því óskandi að það yrði reynt sem víðast einkum við bæi. Um þetta hefir áður verið ritað í Fjallkonu og gjörist ekki þörf að taka það hér upp aftur. Eg vil einungis geta þess að þótt verulegs gagns af skógrækt yrði ef til vill nokkuð langt að bíða; þá á ílteg okkur Íslendinga svo til finningarnæma fyrir sannri náttúru fegurð, að oss mundi finnast landið fá hug ljúfari, þýðari og hlýlegri svip prýðilegra og byggilegra útlit ef það til og frá yrði sett allaufuðum skógar runnum, af birki ösp og reynivið eða öðrum þeim tjá tegundum sem líkindi eru til að þrifast hér á landi. Og því meiri áhuga mundi það hafa sem sem skógræktarmál rekin í stærri stýl

Einsog eg hefi áður tekið fram þá er mál þetta svo vaxið að menn tiljáta, en knúðir til að styrkja það drengilega. Er nú búið að prenta nokkurskonar stefnuskrá félagsins þar sem nánara er skýrt frá stefnu og tilgangi félagsins, og verður hún send út um landið alt Norðurland. Til þess að almenningi gefist færi á að kynna sér málið betur. Skólastjóri Sigurður Sigurðsson á Hólum hefir í huga að halda fund hér á Sauðár króki 4 Maí n. k. til að heyra undir tektör manna, og skýra málið betur, og væri það óskandi að Sauðkræklingar yrðu ekki eftirbát ar annara og sæktu sem fjölmennast á, er da ber eg það traust til sveitunganna að þeir sýni nú kraftana þessa fram, sóma að mæta á fundi þessum og styrkja fyrir tækið með ráð og dáð, og sýna með því að þeir hafa í huga á fram förum búnaðarins og vilja landinu og þjóðinni í heild sinni vel

L. D

# Draumur

Ég þóttist liggja vakandi í rúminu mínu
í gömlu, lágu og hrörlegu baðstofunni, sem
svo margar ljúfar endur minningar frá
bernsku árunum voru við bundnar, ég var
að virða fyrir mér hina fallandi bygging,
og hugsa um hversu oft mundi ég ekki
anda hverfa til þessara stöðva, þótt ég flytti
burtu til fjarlægra sveita, eða héraða, já jafn
vel landa. En rétt í þessum svifum
lukust baðstofu dyrnar upp, og inn gekk
unglegur maður á að giska 25–27 ára að al-
dri; hann var hár og þreklega vaxinn, sam-
lega fríður sýnum, hvatlegur, fjörlegur og
liðlegur í öllum hreyfingum, svipurinn
hreinn og góðmannlegur, upplitið og fram-
gangsmátinn djarfmannlegt og einarð-
legt. Maður þessi gekk hvatlega til mín
og spurði mig hvort ég vildi ekki koma út
með sér og skoða fegurð náttúrunnar,
því nú væri einn með allra fegurst Júlí dögum

Ég þóttist nú klæðast í skyndi, og fylgjast
með hinum unga manni, en óvanalega
fannst mér ég vera stirður í öllum hreyfing-
um. Þá er ég kom út mætti auga mínu
sú sjón er ég mun aldrei gleyma. – Himin-
inn var heiður og Sólin sem var komin
í dagmála stað sendi stafandi geisla
flóð yfir fjalla girta sveitina mína,
svo snotra og frjálslega, en þó einstæðing-
lega, sem nú ~~var~~ í klædd þéttum daggar
skrúða, er glitraði í sólskininu eins og
marglitir demantar, sem eld hvika
sólarinnar snúa saman eyddi uns þeir
urðu að engu. Árnar og lækirnir buldruðu
sín kæruleysislegu ljóð, og steyptust vatns
bylgjur þeirra ~~með~~ í léttum foss föllum
niður hlíðarnar og dalina og alla leið út
til sjávar, þar sem þeir enda sitt æfi
starf. Mér þótti þó vatna niðurinn helst
til hávær, og er ég gætti betur að varð ég
þess á skynja að ~~eitt~~ heljar mikið ferlíki
hafði verið sett eins og farar tálmi fyrir
hverja á og hvern læk. Ég spurði nú þenna naut minn

hvad þetta væri, en hann hvað það allt vera
vinnu vélar, er ~~ekta af ti~~ gengu fyrir vatns-
afli og væri ýmislegt í þeim unnið; sumar
mjólkuðu ~~kýrn~~ aðrar mjólkuðu áburð ~~fras~~ baði
húsdýra í burt og til burðaráburðar eftir ~~sem~~
sem væru flutt inni landið ó unnin, en
sumar væru unnin úr jörðu hér innan
lands og væru sumar vélarnar til þess að bræða
sumar af vélunum sagði hann að ganna
málma er fluttir væru í hreinsaðir hér ofan
úr fjöllunum skammt héðan burtu.
Eg fór nú að litast um eftir gamla bænum
sem eg hafði beiðið en sá hann hvergi; en í
hans stað, sá eg afar stórt steinhús, með
mörgum og stórum gluggum og vegg svölum;
og ~~V~~ umhverfis það var matjurta garður,
sem sýndist vera minsta kosti fullkomin
dagslátta að stærð, og leit mjög vel út með sprettu
í garðinum, eg hugsaði með mér að þetta
mundi vera langstærsti matjurta garður
á landinu. Túnið var allt orðið rennislétt
og sýndist mér það mikið fallt stærra

en áður, og var grasið í því svo mikið að
sjaldan hefi eg séð því líkt, enda grastegundin hallt
öðruvísi en eg hafði áður vanist á ~~túnum~~ fyrri.
Þar sá eg mann vera að slá með sláttu-
vél og sömuleiðis var þar maður að raka
með vél eg sá það ofrax að vélarnar af-
kostuðu afar miklu verki enda var þeim
vel og lipurlega stýrt. en fjöldi af fólki var
við heyskurð á túninu, eg undraðist það
að eg ekki skyldi hestar ganga fyrir vélunum
og spurði förunaut minn hvaða afl það
væri sem knýgi þær á fram því það sá eg
að mennirnir gjörðu ekki annað en
stjórna vélunum, hann sagði mér
þá að maður hefði hétið Ólafur Hjalta-
sted og hann hefði um árið 1900 fundið
upp sjálf hreyfi vél sem nú væri
bætt af honum og öðrum hugvits
mönnum talsvert endur bætt, og væri
hún notuð til að knýja áfram þessar
vélar og margar fleiri smærri vélar.
en enn þá væri hún ekki svo ~~stór~~

fullkominn að hún gæti notast í stærri velum og vögnum.

Þá er ég hafði fengið þessar upplýsingar spurði ég félaga minn hvar öll peninga hússtaðarins væru. en þeirri spurningu svaraði hann ekki heldur gekk á stað aust- ur í túnið og benti mér að koma á eptir, tók ég þá eptir því að öll fjalls hlíðin austur frá bænum var skógi vaxin og við skógar jaðarinn gaf að líta dálítið húsa þorp það voru 3 stein hús. Ég spurði þá fylgdar mann minn hvað á Herra garðinum þetta væri en hann hvað þetta vera peningshús jarðarinnar. Stóra húsið, tví loptaði er fjósið það tekur 60 kýr á gólfi en í kjallaranum er haughús (áburðar hús) á 1. lopti er heyið geymt, (heyhlaða) en 2. loptið er hænsna búr, og sá ég að þangað uppi lá mjög hallandi ~~st~~ rimla pallur er hænsnin fóru eptir upp og niður. Húsið, sem næst stendur fjósinu er fjárhús er tekur 300 fjár þetta hús og sama leiðis 3. húsið og minnste sem var hesthús voru bæði einloptuð

og hagaði þar til unsag með fjósið að hey hlaðan var uppá lopti. Ég skoðaði húsin utan og innan og þótti mér öll innrétting þeirra mjög haganleg smátur byggingin öll meistaralega af hendi leyst, en ekki var mínum [illegible] það vert hversu prýðilega var um gengið í öllum húsunum, enda fannst mér nóg langa til að vera skepnu hirðir í þess um húsum svo skemti ég vera þau að mörgum mönnum nú tíða innar mundi þykja það full komnustu manna híbýli.

Í fjósinu sá ég til danis & vatnsleiðslu pípur með fram öllum fóður jötunum og þurfti hjá a maður inn ekki annað enn snúa krana til að fá vatn í [illegible] ker er stóð hjá hverri kú. Yfir hverri jötu var hlekt mjórdeil op í loptinu og þar var fóðrið kunna látið niður um opin í jöturnar, en mykjan var sett niður um lúur í flórnum ofaní áburðar húsið. Þar sá ég fólk vera að mjólka og var mjaltaað ferð sú er það notaði nýjöglit Hegelunds mjalta að ferð. í fjár húsunum

verið að mjólka, er og var nautið við það
nokkuð svipuð að forð. Í hesthúsinu sé
eg að eins 5 hesta og hvað föru nautur
minn að fleira væri ~~sei~~ ekki af hrossum
heima yfir sumarið því stóðið væri allt
á afrétt, sagði hann að 2 af þessum hest
um væru reiðhestar 2 kerru hestar en
stóri fallegi hesturinn brúni sem var
hafður sér væri kynbóta foli og væri hon
um ekki slept á afrétt, allir þótti mér
hestarnir miklu stærri og fallegri en eg hafði áttað
vinjast og voru þeir full 10 kvartel á hæð
hamb, kerru hestarnir voru báðir rauðir og
mjög líkir hvor öðrum en reiðhestarnir
hvítir. Þá er eg hafði skoðað allt þetta
bauð föru nautur minn að ganga heim
með sér og þáði eg það, við gengum inn um
fram dyr hússins sem vissu móti suðri
og í mini matra stofu í vestur enda
hússins, þar sé eg meðal annar góðra og
fá séðra gripa einn fá ránlegan bóka
skáp og það sem helst vakti eptirtekt
mína var 30 bindi á Íslendinga sög

um í skraut bandi á einni hillu og
leit eg fljótlega yfir þær þar til eg sá kjöl einnar
bókarinnar með stórum gullnum stöfum
nafnið Njála það hafði ætíð verið mín
uppáhalds bók í æsku, eg þreif því þetta
bindi úr skápnum og fór að blaða í því en
hversu undrandi varð eg ekki þegar
eg sá næstum á hverri blaðsíðu mynd
ir af sögu hetjunum, þar var mynd
af Skarphéðni þar sem hann stekkur
yfir vökina í Markarfl. með Rimmugí reidda
mynd af Gunnari á Hlíðar enda þar sem
hann verst fjandmönnum sínum úr
þaklausum skálanum, mynd af Njáls
brennu og fleiri atburðum. Eg skoðaði
nú hverja bókina á eptir aðra en allar voru
þær með myndum af hinum táp
miklu líkhraustu drenglyndu og frjálslind
forn Íslendingunum
Eg hafði að þessu verið svo undrandi
yfir öllu er eg hafði séð að eg ekki hafði
gefið mér tóm til að spyrja föru naut
minn hvernin á honum stæði og hvernin

stadi á allri þërri miklu breytingu er
ordin vara öllu mögulegt bædi dauðu og
lifandi, eg sneri mer því frá bakanum
til að yrða á felaga minn og spyrja hann
um þetta, en aður en eg gat komið augu á
hann varð mer litið í stóran spegil er
hekk á veggnum gagnvart mer og
mer til mikillrar undrunar sá eg að
eg var orðin gamall og lotin, með silfur
hvitt hár er fell á herðar niður og grátt
skegg ofan á bringu. Mer varð nokkuð
bilt við þessa sjón en náði þó fljótlega
valdi yfir sjálfum mer aptur og tók að
spyrja manninn sem gagnvart mer
stóð um það er mig fysti að vita. Og
hóf hann þá ræðu sina á þessa leið:
Eg vil nú ekki draga lengur að segja þer
nafn mitt og ætt eg heiti Björn og
er sonur Sigurðar bróður þíns og
er nú tæpra 27 ára að aldri og nýlega
búinn að taka við búi her á Veðramóti
systkin min 3 eru her hjá mer og sömul.

foreldrar minir í vor gekk eg að eiga
nágranna míns
Sigríði dóttir Sveins Lárussonar i
Skarði, hann er bú höldur mikill
og er jafnframt póstur af Sandar
krók til Borðeyrar, því hefir póstleiðinni
verið breytt greip og fram já nú liggur hún
um Refa sveit frá Blöndós upp Norðurár
dal og yfir Kolugafjall og svo niður Göngu
skörð, og fram Skaga fjörð; fleiri breytingar
taldi hann á póstveginum víða um land
Hver býr á Heiði og hver í Kalfárdal?
Á Heiði býr Jón frændi minn sonur
Guðrúnar föður bróður mins dóttur son
Jóns er áður bjó þar. Í Kálfárdal búa
2. bændur og heita þeir annar Sölvi
og er sonur Stefáns Sölvasonar
hitt er Guðm. under föður bróðir
hans og er hann nú orðinn aldur
hniginn það er hreppsnefndar
oddviti her í Sauðárkróki í Tungu
býr Eggert Skúla son Sölva sonar
frá Kálfár dal það er næstur sandi

bondi um allann Skagafjörd. Þannig
taldi hann lengi uppi ýmsa merkisbændur
sem voru miðjar þess fóls og og hafði þetta
bör, og hvað hann að framfarir í bún
aði væru orðnar miklar um og og hefði séð
og sagði að víða mætti sjá mikla starri
við hafnar meiri bónda bygli en það er og
hafði nú nýlega skoðað Í Skarði hvað
hann vera mjólkar bú mikið og væri
þar um 60 kýr og þar að auki væri
flutt þangað rjóma úr Göngu skörð
um öllum og og í umparti Reykja strand
ar. annað rjóma bú væri í Sauða og byggja
þar ungur frændi hans sem átti fyrir
konu Sigurlaugu dóttur dóttir Sölva
frá Kalfárdal. Alls taldi Björn uppi
10 rjóma bú í Skaga fjarðar sýslu
og ættu Skagfyrðir samlags búin
Gufu skip er flyttu snjór í hverjum
mánuði til Englands til að hanna því
á markaðinn sem ferskustu, og væri
meðal verð á snjór nú 1,25

þetta Gufu skip flytur þess á milli fisk
frá fiski skipunum sem væru við fiski
veiðar með fram norður strönd Íslands
og væri það fleat gufu skip sem lands
menn ættu sjálfir. og væri fiskur nú
í mjög háu verði útanlands. Hann
sagði að árið sem leið 1952 hefði
verið flutt út af öllu landinu snjór
fyrir 80 miljónir krona fiskur og
aðrar af urðir sjáfar útvegsins fyrir
100 miljónir kr. ull fyrir 52 miljónir
og Í kjöt fyrir 30 milj og hross fyrir 20 miljónir
Lands búar sagði hann að hefðu verið
við síðasta manntal nær 200,000
og væri það gleði legt hvað folkinu
hafði mikið fjölgað í þessum aldar
helmingi. enda væri nú mjög mikill
straumur af útlendingum inni
landið og flestir Íslendingar sem
farið hefðu til Vestur heims hefðu
komið heim aptur í kringum
1910 því þá hefði gengið mikið hallæ

og land plánr yfir alla Norður Ameríku
og hefðu þá Íslendingar hér heima gjört
út gufu skip á kostnað þess opinbera til
að flytja fólkið heim og tekk það full 2 ár
en slíkt mundi vel hafa borgað sig
þátt það kostaði fóðurlandið all mikið
fé í bráð. Það sem mest hefir
stuðlaðð að því að koma jarðrækt
inni í það horf sem hún nú er
komin í er hið svo kallaða jarð
ræktar félag. Það var stofnað 1903
og fekk þá strax góðar undir tektir
hjá alþýðu og sömuleiðis hjá kaup
mönnum, enda hefir það nú umsteypt
og gjörbreytt allri ræktunar aðferð
bæði við jarðrækt grasrækt og skóg
rækt. Í grasrækt er til dæmis mest
iðkuð frásáðning í sambandi við
plæingar. og frá því sem sáðer er
al innlent, því útlent frá vildi
oft misheppnast, meðan það var
brúkað. Plógar þeir er við höfum nú
eru miklu fullkomnari en þeir er
tíðkuðust fyrir 50 árum, og eru þeir
knúðir áfram, af sjálfhreyfi vel sem
er sett í samband við plóginn getur
1 maður sem vanur er orðinn að
plægja, plægt 1 vallardagsláttu á 12
tímum. Vana lega er öll ræktuð jörð
plægð ^einu sinni^ á hverjum 10 árum. Túnið
mitt er 40 dagsláttur og læt eg plægja
4 dagsláttur ^af því^ á ári. og þar að auki læt
eg plægja 2 dagsláttur utan túns
og eykst þannig túnið um 2 dagsl. í ári
svo maður af nágrönnum mínum
gjöra því talsvert meira að jarða
bótum. En þrátt fyrir það þá allt
sama stað og yfir höfuð allar húsdýra
á búðum sé notaður í túnin þá
nægir það samt ekki og verðum
við bændur nú að kaupa til búin
á burður efni frá öðrum löndum
er nú nýlega farið að flytja þá inn
áburðinn og vinna þann síðan á landi
inn

sjálfu. við þurfum líka mikinn áburð
á kornakrana vora og matjurtagarða
Hverju brennið þið úr því þið notið sauðataðið
til áburðar? spurði eg. Við brennum mó og
kolum, og við. höggvið þið þá skóginn
ykkar? spurði eg enn fremur. Já það ætti eg
vissu höggvum við og notum til eldiviðar
en græðum út og plöntum miklu meira
höggviður svo skógurinn vex árlega út í [illegible]

Hvernig hafið þið fengið upp svo góðan
arðsaman og fallegan alidýrastofn?
Með kynbótum á húsdýrunum og hafa
gripasýningarnar átt einna beztan þátt
í því, og sömuleiðis athugunartöflur hafa
þeir er fyrstir byrjuðu á því, eru
lengst komnir í kynbótum enda
selja þeir nú ung alidýr fyrir
afarfjár árlega, til kynbótafélaga
út um allt land og er mikil
eftirsókn eftir þeim dýrum
sem sannanir eru fyrir að séu af
verulega góðu kyni, enda eru nú

nim almennt farnir að sjá hversu mikla
þýðingu það hefir að halda athugunartöfl.
fyrir búbúning, mjólkur og fóður töflur fyrir
ær og kýr, og svo búreikninga yfirhöfuð
og hafa þeir flestir bændur tekið það
upp. Ullina okkar vinnum við alla
í landinu sjálfu og eru nú 4 klæða
verksmiðjur í landinu, og sömul. er
unnið mikið af bómullar og hörðdúkum
[illegible] innanlands og finnum við það ef [illegible]
utanlands frá. [illegible], og þykir það
borga sig betur en kaupa tauin frá útl.

Hvað mentamálunum við víkur
þá er það um það að segja að við höfum nú
1. laga háskóla, 2. lærða skóla þar sem
kend eru sömu fög og í latínuskólanum
um forna að undanteknum latínu
og grísku. 4 gagnfræðaskóla 1 í hverjum
fjórðungi sameiginlega fyrir pilta og
stúlkur og 4 búfræðisskóla; af búnaðar
skólunum fara nemendur, vanaleg
út og dvelja árlangt á fyrirmyndar

buum þar eða ferðast um og kynna sér
búnaðar hætti manna, og eru margir þeirra
styrktir af opinberu fé til þessar ferðar með
því skilyrði að þeir komi aptur til að setjast
þá að, og enda er það tíðvanalega að þeir koma
heim aptur aðið og setjast þá að búi ef þeir
ekki hafa tekið það að erfðum eða sest í bú
foreldra eða annar vanda manna en hafa
ekki efni á að kaupa sér ~~þar~~ bújörð með
öllu á höfn þá liggja þeir það ~~vandalla~~
hjá gömlum uppgjafa bændum sem fóru
nú eru þreyttir á búskapnum og vildu þeygin
að setjast í helgan stein, hugsa um sín
seinni kjör. Eg er nú farinn að sjá marga
efnum. Læknaskóla presta skóla kennara
skóla vísstjórnarskóla, hannyrða skóla
og fleiri skóla höfum við einnig og eru
~~þeir allir~~ fyrir kannlag þeirra allra
breytt talsvert til batnaðar Barnaskólar
eru nú í hverju kaupstúni, og hverri
sveit. Prestunum hefir verið fækkað um
helming og sýslu menn eru eingir um 6 á öllu

landinu og jöra þeir lítið annað en hafa
dómgæsluna á hendi. Tollheimtuna
og marg fleiri a þýðverandi störfum
þeirra hafa ~~[illegible]~~ á hendi hreppstjórar
emt nema eru 2 sem áður og standa
þeir beint undir ráðgjafanum landshöfð.
umbættidor af numið.

Eg spurði nú Björn hvort hann
ætti sjálfur jörðina en hann hvað
föður sinn eiga hana. sagði hann
að sala þjóðjarðanna hefði farið fram
á árunum frá 1905–16, og hefði þá
á bændur jarðanna flestir keypt
hver sína ábýlisjörð. Eg spurði hann
þá hvernig þá hafir leiguliðar hefði
getað keypt stórar jarðir og byggt
síðan þvílík stór hýsi á þeim sem
og hafði nú fyrir skemmstu séð
og bætt jarðirnar á marga vegu.
sem hlyti að hafa kostað þá stórfé.
þeirri spurningu svaraði hann á
~~[illegible]~~ Það byggingunum við sikur

þá er það að segja að sumum eru nú fyrir löngu
komnir að þeirri niðurstöðu að við Íslend-
ingar erum alltaf að taka til að byggja ónýta
smákofa sem aðeins standa fá ár, en eru lítið
ódýrari en stórbyggingarnar að rétt hlutfalli
við stærðina, en þar geta staðið fleiri man
aldra, og þessir miklu steinveggir sagði hann
og benti út um gluggann á áttina til fjós-
sins eru tiltölulega ódýrir, þeir eru að eins 18
þumlunga þykkir, 18 þ. undir þak og
umbrandi. Já en þeir eru ekki hlaðnir
upp úr smáa þumlunga steinvölum í
þeim er stein steypa, (möl og sement)
og er það þegar sementið er hart orðið alveg
einsog einn steinn og bilar aldrei nema ef
ákafur jarðskjálfti komi. Sama er að segja
um jarðabæturnar, menn þykjast ekki
hafa efni á að láta liggja ónotuð í jörð
inn þann mikla auð er reynslan nú þeg
hefir sýnt að okkar góða land getur
framleitt og gefið af sér ef því er lítið
eitt hjálpað til þess. með öðrum orðum
við þurfum að grafa eftir gullinu en upp

skeran borgar fyrirhöfnina margfaldlega
Árið 1905 var á alþingi sett nefnd
manna til að íhuga búnaðar málið
og hvernig landbúnaðurinn yrði við
reystur. Í þessari nefnd voru þeir
Páll Briem Amtmaður þ. m. Húnv.
Guðlaugur Guðm. son sýslumaður þ. m.
R. Stefán Stefánsson kennari þ. m. Skagf. Klemens
Jónsson sýslumaður þ. Eyjafjarðar.
Björn Sigfússon bóndi 2. þ. m. Húnv. Valtýr
Guðm. ráðgjafi þ. Jóh. Jóhannesson þ. m.
N. Múlsýsla. Þessi nefnd lagði það
til að tekið yrði útlent lán 2 milj.
kr. og yrði bændum gefinn kostur
á að taka lán af fé þessu til bygginga
og jarða bóta, og til að kaupa ábýlis jarðir sínar
ef þeir vildi en sveitar félögin stæðu í
ábyrgð. borgunar skilmálar skyldu
vera þeir að lántakandi borgaði
4% rentu af láninu í 40 ár, og skyldi
með því vera kvittur við lán veitanda
þetta ráð hefir tekist svo vel að heita

má að það landbúnaðurinn eigi því eingöngu að þakka viðreisn sína og viðgang því með því vaknaði á hugi hjá bændum að auka og bæta framleiðsluna og afurðum landbúnaðarins og koma landinu upp. Enda munu allir samir Íslenskir bændur minnast þessa áður nefnda manns með hlýjum hug og hafa minning þeirra í heiðri, þótt þeir sjálfir séu lagstir í hið myrka skaut jarðarinnar og heyri nú einungis fortíðinni til þá lifir þó hið mikilfenglega æfi starf þeirra fram til lands vors og þjóðar, og gengur eins og rauður lífsvakans þráður gegnum allt ... og fram fara sögu þjóðar vorrar, á ókomnum öldum það er eins og traustur grunnur í hinni sambyggða stórfenglegu kastalaborg þjóðmenningarinnar, því þeir voru frumkvöðlar ekki aðeins að þessu máli heldur og að svo fjölmörgum öðrum velferðar málum þjóðarinnar o.s. menntam. o. fl. Þá er Björn hafði þannig látið dæluna ganga um tíma vaknaði eg og var eg þá í sama rúminu í Gamla bröttlegu baðstofunni sem eg lagðist til svefns kvöldið áður (Hörður)

# Heima í prestsetrinu

Það var kaldur og bjartur Desember dagur jörðin var hulin þykkum þéttum fannar möttli, og sló gullnum ljóma á hinn drifhvíta höfuð búnað fjallanna sem hreyktu sér mjög drembilega yfir hinum lítilmótlegu dalbúum sem í sína hópum þrama eftir fönnunum í áttina heim að kirkjusetrinu og prestsetrinu Hofi það er sunnu dagurinn 2 í adventu og ber að messa á Hofi. — Við skulum nú lesari góður fylgjast með kirkju fólkinu og sjá og heyra hvað fram fer og við ber á kyrkjubólinu. Þegar kemur heim á hlaðið verður á aðra hönd manns 3 þilstafnar á húsum í röð og torf kampar á milli bæjardyr í miðið gimsluskáli að norðan en stofa að sunnan verður við þar, en til hagnaðarhandar er

stórt timbur hús 18 álna langt en 12 álna breitt, með litlum turni, þetta er kyrkjan á Hofi hún er máluð grá utan með tvo glugga um gjörðum, en er innihanna ken ur er hús ómálað svo (eru) bekkir og stólar Fyrir altarinu stendur hár og grannur maður hann er með ljós skolað hár rauð leitt yfir skegg, rauður í andliti, en ljósti því að hann hefði í hvern tíma nýgjöft við þá halsmjór; augun voru grá en þó skap leg. nefið stórt og íbjúgt, munnurinn stór og vottaði fyrir hörkulegum dráttum í kringum munnvikin ennið hátt og nokkuð kvelft. Maður þessi var í messu klæðum því þetta var presturinn á Hofi. Fólk var mart í kirkjunni og mun það ef til vill (hafa) átt ~~að hafa~~ sótsma að rekja til þess að prestur hafði boðað til fundar eftir messu. Ósagt læt eg hversu hjartnæm ræði prest. hefir verið þetta skipti, hann talaði mikið um afdrykkju og hinnar slæmu afleiðingar. Einusinni eða tvisvar

sá eg sumar af kerlingunum er sátu framan til í kirkjunni að vordun bregða svuntu horninu upp að augum sér en ekki veit eg hvort það hefir verið hin hjarnyrta og viðkvæm nislega umhyggjusamlega ræða prestsins er kom þeim til að vikna, eða þær hafa viknað af til hugsun um þá skapandi veru sem skapað hefði tóbakið er þær sugu með miklu snörli uppí nefið áður hverju. þessa jurð neska sálu lund sem veitti þeim svo óviðjafn anlega nautn og nem.

Eptir Messu kallaði prestur bændurnar inn og einn á eintal og lék jafnan sigur bros á íbyggilega andlitinu hans þegar hann hafði lokið samtalinu við einn og sérhvern þeirra, að því búnu var gengið til stofu, það var fundarsalur- inn. skipuðu bændurnir sér í raðir á stofunni á kistur og stóla að því búnu tók prestur til máls. Hélt hann nú aðra ræðu um vindrykkju og sýndi fram á hversu afleið ingar hún hefði, og hvers mikið eftirlegt og andlegt tjón það væri að víniskildi vera flutt

inni landid og þess nýtt þarijafro störum og og nú væri farið ad verda. Þenda rádu innar hvað prestur vona ad sin heiðruðu sóknarbörn fylgdu sér nú vel ad málum og styrktu sig í því starfi er hann nýlega nú hefði tekið sér fyrir hendur nefnilega ad útrýma Bakkusi sem mest helzt alveg, úr landinu. og skyldu menn hafa alvarlega hliðsjón af því við næstu þingkosningar sem færu fram í komandi vori; að kjósa helst engan til þingmennsku nema hann lofaði því að berjast fyrir bindindis málinu af alefli á þinginu. Endti svo klerkur ræðu sína á þessa leið: „Heilsa líf eignir og æruna sér hvorsmanns i veði sem gefur sig á vald hins hárbeitta djöfuls mannfélagsins n.l. Bakkusar". Þótti nú flestum að presti hafa sagst vel. Tveir menn voru þó í stofunni sem virtust ekki taka nákvæmlega eftir hverju orði í ræðunni þeir ræddust við í hljóði annað var Árni hreppsnefndar oddviti hitt var Jón á Xxói biguðlidi prests. var auð séð að Árni var að reyna samfara Jón um eitthvert mikið áhugamál sitt. en gekk það treglega, og heyrðu þeir er næstir

sátu að Jón sagði í endir samræðunnar eg má ekki setja mig á móti þessu, presturinn verður alveg uppi vægur hann hlýtur að hafa mikið til síns máls hann hefir betra vita þessu en við. og gengur kannske gott eitt til, reyndar sé eg að þú hefir satt að mæla, en eg verð að fylgja prestinum eg er honum svo skuldbundinn hann hefir líka lofað mér að hann skildi ekki ganga hart eftir landskuld inni í vor og prestsgjöldunum ef ávant at hvaði yrði sín megin,. en hótaði mér öllu hörðu ef eg yrða á móti sér. Jæja sagði Árni með þykkju svip og sleit samtalinu. — Á meðan þessu fór fram hafði prestur endt ræðu sína og lagt fram 2 skjöl til undir skrifta á öðru þeirra var á skorun til þingm. að berjast með ákafa fyrir sölu banni á öllum vínum í landinu; en á hinu um að koma á algjöru innflutnings banni á vín föngum og voru menn þegar búnir að skrifa nöfn sín undir sumir á fyrra blaðið sumir á hið síðar nefnda. — Þá stóð Árni upp, og bað sér hljóðs. ekki gengdi prestur honum neinu en leit tortryggnis lega til hans en Árni byrjaði að tal

eigi að síður Ísiri var maður lágur en þrekvaxin
og þykkur herðalegur og fjörlegur maður hann var dökk-
ur á hár með mikið jarpt skegg gáfuleg og dökk augu inn
í hátt og hvelft, nefið lítið og þykkur söðulbakað
yfir höfuð mátti hann heita þykkur þéttur maður
svipur hans var hreinn og einarðlegur og lýsti
það sér strax og hann stóð uppað hann fann
til þess að hann hefði ~~vald~~ sem sveitarhöfðingi
talsvert vald og var skatt að hann ötikaðfram
með skaðum sína. Hann hóf nú ræðu sína á
þessa leið. Ég er algjörlega mót fallin
þeirri í aðferð er þér búið í dag við oss bænd-
ur í þessu máli sir Jón. þér leiðið einn og
einn fram á slátrunar völl sjálfstæðisins
og sýnið ~~þeim~~ oss með allri yðar málsnild
útmálaða hina svörtustu hlið þess máls
sem hér er um að ræða. og ef þér ekkið fáið þá
með því að at ~~að~~ hyllast skaðum yðar þá ~~þá~~
þvígið þér þá til þess. með hótunum um vægð-
arlausa skulda heimtu. og annað því um líkt
reyndar mun margir vera hér inni e sett
hafa í dag samþykking sína fyrir vissættu yðar

Hvað snert vínsölu banni viðvíkur, þá 1 mun vel
geta farið svo að það hafist í gegn á þinginu
en þá fyrst sand þið bindindis frömuðirnir
hvar komið væri ykkar máli, því þá yrði
nú fyrst farið að drekka til muna hér á
voru landi Íslandi, bændur sem áður hefðu
aðeins tekið flösku og flösku fara þá að
panta, ~~það~~ vínið heint utanlands frá, í stórum stýl á þann hátt
fengju þeir það margfalt ódýrar en þeir nú
fá það hjá kaupm. og þó 2–3 væru í félagi
með 1 tunnu þá getur einginn dulist að
með því ykist að mikklum mun víns
drykkja meðal alþýðunnar til sveita
annara, en sjómanni og fá tækari menn
í kaupstúnum sem optitt ætlu með að ~~kaup~~
panta mikið inn frá útlandinu mundu fá
það á annan hátt. Eingin þingmenn tóg
geta bannað mönnunum að selja vínföng
utan land helgi, og þætti mér ekki ó-
líklegt að margir yrðu til þess að setja á
stofn fljótandi vínveitinga krár. Sjómönn-
unum sem þykir sopinn góður mundu ekki
telja það eptir sig að róa 3/4 mílu til að geta fengið

ev dag lega nedan í því sem kallad er. þessir
vin vertar gjatu jafnframt haft þýðværi
un og gefid litidutt harra fyrir en kaupmnn
almennt en sett vinid aptur þeim munhærra
þetta mundi auka stórkostlega ummætninga
þeirra, þar ed margir af sjómönnum ekki hafa
annad til skulda likningar en fisk sinn
í þennann hátt losnadir þ vútinga mun
vid ad borga toll af vini og skadinn þvi vid ad
selja þad fremur ódýrt ~~dýrslega~~, eg vona nú ad þer
sjáid nú ad þetta er kúnnska sem hlýtur
ad falla um sjálfa sig ad banna ad selja vin
medan þad flytst til landsins
Prestur: þetta er einungis til brádabirgda, innflutnings bann hlýtur ad komast á í næstu
árum, ef þad ekki kefst fram. nú á næsta
þingi sem eg hef þó heldur von um.
Árni: Ekki gjördi þad fyrir hamn lag
hyppi legra á lit eg. þad leiddi til þessad
landsjódur tapadi algjörlega þeim ca 400,000
er hann nú hefur í tekjur af vinfanga tolli
og gjaldi fyrir vinsöluleyfi. Hvad ætti hann
ad fá uppbættar þenna skada; er þeirad

stór kost legur tekju halli var hjá lands
sjódnum, sidustu fjárlaga tima bili þrátt fyrir
þessar tekjur hvad mundi þá verda ef þessar
stórkostlegu tekju grein gjördi kipt af honum
allt í einu.x Audvitad gjördi ~~ad~~ sem leggja nýja skatta
á þjódina annad hvort beina eda óbeina
skatta. en hvort heldur sem gjördi afan í
þá kæmi sá skattur tilfinnanlegast og
hlutfallslega þingst nidur á oss bændum
Prestur: Audvitad er þad ad landsjódur hefir
ekki framar tekjur af vinfanga tolli eda ödru
því líku, en eg á lit ad bædi bændur og adrir gjaldendur standi eins vel vid ad borga þá
peninga beint til landsjóds sem þeir ádur
hafa lagt út fyrir vin, þó ótalin sé sá skadi
er menn hafa af vindrykkju s. s. at vinnu
missir o.fl. En þó lagdir verdi óbeinir skattar
á þjódina t. d. tolladar útlendar og innfluttar
vörur og borgad út flutnings gjald þeim
innlendu, þá þó koma þar útgiftir ekki
þyngra nidur á land bændum en ödrum
þeir er vörurnar kaupa og selja
Árni: Eg er alveg hissa ad sjá svo skynsamur madur

þer eruð skulið láta yður um munnspara
slíka botnleysu og enda-leysu, gafnir öröh-
studdar staðhæfingar bygðar í lausalopti
það getur þó engum dulist að meginið
af því víni sem flutt er til landsins og
borgaður er tollur af er eytt í kaupstöðum
um bæði af ~~A~~ Tomthús og þurrabúðarmönn
um, en þó einkum af kaup~~m~~mönnum
embættismönnum og útlendum ferðam-
nastum
sem einganga neyta þeirra dýrari vínteguna
sem mestur tollur er goldinn af, og sömu
leiðis kaupár hinn mikli grúi útlendinga
sem stunda fiski veiðar hér við strendur
landsins mjög mikið ut vínföngum og þar
helldur af betra tagi. En aptur á móti er
þessuur
~~mjög~~ lítið um drykkjuskap til sveitanna
í hlut falli við það sem við gengst í kaupstöð
unum, og næst munu það vera ódýrari vín
sem sveitamenn helst neyta, s. s brenni
vín, og öl. — Þeði nú farið að leggja ~~x~~ bein
skatta á þjóðina þá hlytu bændurnir að bera
mest af honum því eru alltaf á litunir að hafa
meira gjaldþol en kaupstaðar búar yfirleitt

af því að þeir hafa meira undir höndum
~~og~~ Ekki yrði helldur farið að leggja skatta
á þá útlendinga sem stunda fiskiveiðar
hér við land en eru hér ekki búsettir (xx)
en hafa borgað árlega stórfé í landsjóð í vín
fanga tolli. hverjir helldur klerkurinn
að eigi að bera þann halla aðrir en lands
menn. — það kann að vera satt að
bændur standi eins við að borga þá pen-
inga beint í landsjóð sem þeir aður
hafa lagt út fyrir vínföng eg vil nú
segja fyrir mig að eg er ánægðari með
að borga 30 kr. árlega fyrir góðagásvitun
vínföng. og geta glatt mig og kunningja
mína við tækifæri helldur en að borga
helminginn minna uppí hað og hafa ekkert
í aðra hönd, vitandi ekkert um hversu
vel þeim peningum yrði varið. Eg er því
á því að við ekki ættum að svo stöddu
að amast við Bakkusi meðan hann vinnur
oss jafn mikið gagn og hann hefir gjört
síðustu árin, það ætti að vera komið inn

meðvitund þjóðar innar að það sé brot móti
siðgæðis og velsæmislögum mannfélagsins
að láta sjá sig ósjálfbjarga, og viti sínu fjar
af óhóflegri og óskynsamlegri nautn
vínanda. Enda hefir reynsla hinna
síðustu tíma að alþýða í sveitunum
er komin á svo hátt siðmenningar
stig að hún ~~þekkir~~ kann sér hóf
í þessu efni, aðeins andlega ósjálfstæði
aumingjar eru fallnir svo djúpt að þeir hafa
gefið sig á vald taumlausri ofdrykkju fýsn
Eg er nú ekki svo mikill mannvin
ur að eg vilji afneita ca 400,000 kr. tekju
grein fyrir landssjóð, vegna þess að stórir
ir kaupmenn embættismenn og útlend
aðmenn drekki frá sér vitið, sökum
þess að þeir ekki kunna sér hóf.
Þá er Trúsi hafði lokið ræðu sinni gekk
klerkur ~~sót~~ burtu úr stofunni sót-
rauður og þrútinn í andliti af reiði var því ekki
meira af fundi þann daginn en fram
ar menn fóru að smá tínast burtu.

(Hörður)

# Sveitarbladid

# Tjallfari

# 3

# árgangur

# Sidasta blad